



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Stakkaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2024.....	7
4 Innra mat deilda	9
5 Innra mat sérkennslu.....	23
5 Innra mat – fjöltyngd börn	26
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	30
7 Foreldrasamvinna.....	31
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
9 Fylgigögn.....	33
9.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	33
9.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal	38
9.3 Fylgiskjal 3 – Árstjólf	39



Leiðarljós leikskólans

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaári 2021 – 2022 var litað af kórónuveirufaraldrinum og því eðlilega margt öðruvísi en áætlanir segja. Í vetur voru 16 börn á ungubarnadeildinni Sjónarhóli en ástæða þess er sú að eitt barn fékk aldrei flutning í sinn skóla og því vorum við einu barni yfir á þeirri deild. Á Undralandi voru 25 börn – einu fleira en árinu á undan. Kattholt bætti svo við sig 2 börnum en undir lok skólaársins bættist við eitt barn í viðbót. Skólinn var því fullur í allan vetur eða 70 börn en vorum með 71 barn frá apríl 2022. En árið á undan voru 67-68 börn á leikskólanum og sjáum við að sá fjöldi er algjört hámark af börnum hér í húsinu, en ef reikinvél vegna rýmis er skoðuð ætti sú tala að vera enn lægri.

Skólaárið einkenndist af mismunandi sóttvarnarreglum en framan af var enginn samgangur milli deilda. Í marslok náðum við að virkja stefnu leikskólans *flæði* aftur og nú flæða börnin milli deilda frá kl 14 á daginn. Við vorum orðin fljót í að hólfa kaffistofu og rými starfsmanna þegar herða þurfti reglur en náðum inn á milli að slaka á og tengja hópinn saman. Margir starfsdagarnir fóru öðruvísi en upphaflega stóð til bæði vegna veiru og veðurs. En nú undir lok skólaársins horfum við fram á bjartari tíma og náðum loks að fara í ferð starfsmanna til Alicante sem var búin að vera á áætlun í tvö ár. Sú ferð heppnaðist í alla staði mjög vel og hristi hópinn vel saman.

Starfsmannamálin hafa gengið vel og alltaf hefur náðst að manna í stöður á deildum og þurftum einungs í eina viku að hafa tímabundna starfsmannaeklu á yngstu deildinni en þá voru starfsmenn Sjónarhóls ýmist með covid eða í sóttkví. En þar var skerðingunni jafnt skipt milli nemenda og misstu nemendur þeirrar deildar af hálfum eða einum degi í þeirri viku.

Starfsmannahópurinn skiptist í 33% Eflingarstarfsmenn, 20% er starfsmenn í Sameyki – með aðra háskólamenntun og nú erum við komin í 45 % starfsmenn sem eru í KÍ. 9 af þeim 11 sem eru í KÍ hafa lokið B.ed. gráðum og eru með leyfisbréf kennara. Þeir starfsmenn sem eru í KÍ en ekki komnir með leyfisbréf eru í námi í leikskólakennarafræðum. Einn Eflingarstarfsmaðurinn fer yfir í KÍ nú í sumar en þá er viðkomandi kominn með diplomu í leikskólakennarafræðum þar sem hún hefur lokið 120 einingum af náminu. Við erum því enn að bæta við okkur fagmenntuðum starfsmönnum.


Vinnustyttingin hefur gengið vel eins og árið áður en við fórum í fulla styttingu í ágúst 2021. Styttingin rúllar og allir fara í sína styttingu, en það hefur gengið vel að fylgja því plani eftir. Teljum við ánægju við vinnustyttingu hafa mikil áhrif á skólabraginn og líðan starfsmanna sem endurspeglast í



starfsmannakönnun í febrúar. Allir þættir sem skoðaðir voru í könnuninni komu vel út og við yfir meðaltali í öllum þáttum. Þátttaka var rúm 68 % og stefnum við á að hækka þá prósentu enn meira á næsta ári. Við teljum starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar mjög mikilvægt mælitæki á stöðunni í starfsmannahópnum okkar og gefa okkur ákveðna mynd um líðan og aðbúnað.

MEÐALSNIÐIÐ HALLA

Súlur sýna meðalskor þáttar valins árs, punktar sýna meðalskor samanburðarhóps



Í tengslum við menntastefnuna höfum við bætt í efnivið í skynjunarvörnum – þar sem nemendur geta unnið með ljós og liti. Við lukum þessu skólaári í námsferð þar sem við fengum æfingar í núvitund en eins og gefur að skilja fóru margir starfsdagar öðruvísi en upphaflega stóð til og því náðum við ekki að dýpka okkur eins vel í þessum þætti og við hefðum viljað.

Þrátt fyrir að starfið hafi verið öðruvísi en venjulega vegna kórónufaraldursins var skólaárið almennt farsælt. Skólinn hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur í febrúar 2021 fyrir *Teymi sérkennslu í Stakkaborg*. Við erum þakklát fyrir þessi verðlaun enda gott að fá hvatningu fyrir vel unnin störf. Við ætlum okkur enn lengra í sérkennslunni og erum að bæta við okkur starfsmanni þar til að sinna enn betur því góða starfi og snemmtækri íhlutun næsta vetur.

Starfsmannahópurinn er jákvæður, við leggjum mikið upp úr jákvæðum starfsanda og vellíðan allra á starfsstaðnum. Foreldrasamskipti gengu vel og var tölvupóstur mikið nýttur og myndir settar í glugga þegar foreldrar máttu ekki koma inn í fataklefa. Við nýtum Sway til að senda heim fréttir og hafa foreldrar verið mjög ánægðir með þá lausn en þar fá þau pínulitla innsýn í dag barnsins síns í leikskólanum. Samstarf við foreldrafélag og foreldraráð hefur gengið mjög vel en foreldraráð gaf m.a. leyfi fyrir breytingum á skipulagsdögum vegna ferðar starfsmanna til Alicante. Foreldrafélagið komst loks aftur af stað með vorinu og var kærkomið að komast í sveitaferð með öll börnin og nánast alla foreldra í leikskólanum. Dagurinn og útiveran saman gaf öllum mjög mikið, bæði börnum, foreldrum og starfsfólki. Nú horfum við fram á bjartari tíma og hlökkum til næsta skólaárs þar sem við munum eiga eðlilegra skólahald og byggja áfram upp okkar góða starfsanda og leggja áherslu á vellíðan nemenda leikskólans. Okkar aðalmarkmið er að frá Stakkaborg útskrifist jákvæðir krakkar með sterka sjálfsmynd.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Læsi	Læsisteymi fór yfir læsislista	Starfsmenn læsisteymis	Stefnum á að gera læsisáætlun leikskólans næsta vetur
Sköpun	Sköpunarteymi fór yfir ýmsa þætti í sköpun innan leikskólans Þemavinna – fór fram á eldri deildum.	Starfsmenn teymis sem og deildarstjórar og stjórnendur. Nemendur og kennarar á eldri deildum.	Sköpunarkassar útbúnir fyrir deildir vegna afmælskóróna. Flokkað niður jóla verkefni fyrir ákveðin aldursskeið. Stefnum á að hafa sköpunarvikur næsta ár. Þemavinna – tekin inn næsta haust fyrir allar deildir
Skólanámskrá	Lagt lokahönd á skólanámskrá í vetur – byggðum þá vinnu á gátlistum menntastefnunnar.	Allir starfsmenn saman á skipulagsdögum – fórum yfir þá þætti menntastefnunnar sem við áttum eftir.	Við munum gefa út nýja námskrá í upphafi næsta skólaárs 2022-2023 sem mun verða leiðarljós næsta skólaárs.
Fjölgun menntaðra starfsmanna	Bætast í hópinn fagmenntaðir		Höfum verið að gefa starfsmönnum tækifæri til náms og höfum náð að vekja áhuga starfsmanna á leikskólakennaranáminu



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Með könnun í febrúar	Rúm 68% starfsmanna svöruðu könnuninni	Starfsmenn upplifa almenna vellíðan í starfi í leikskólanum. Starfsmenn upplifa styttingu vinnuvikunnar jákvæða og telja hana minnka álag. Við viljum frá enn betri svörun næsta vetur – teljum þetta vera að gagnast okkur.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2024

Stjórnun							
Árshjól	Nýta betur árshjólíð í skipulagi starfsins	Virkjum þennan þátt á deildarstjórafundum.	Leikskólstjóri /aðstoðarleik skólastjóri	Haust 2022	Haust 2024	Nýta hjólíð / áætlunina betur í upphafi funda stjórnenda.	Allir stjórnendur meðvitaðri um starfið framundan – bætum upplýsingflæði
Móttökuáætlun nýrra starfsmanna	Taka betur á móti nýju starfsfólki	Vinna að móttökuáætlun	Leiðsagnar kennari og leikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Vinna nýja móttökuáætlun þar sem leiðsagnar kennari og stjórnendur sinna ákveðnum þáttum	Lokaferlið er að til sé áætlun sem farið er eftir þegar nýtt starfsfólk hefur störf.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Teymisvinna	Með teyimum fáum við fleiri starfsmenn til að bera ábyrgð á verkefnum.	Halda áfram með teymi – virkja þau enn frekar. Gera rammann í kringum þau skýrari.	Leikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Hvert teymi endurmetur sína vinnu í lok vetrar og leggur mat á hvað þarf að bæta fyrir næsta vetur.	Að teymin starfi eftir fastri áætlun s.s. með fundartíma, standi fyrir viðburðum í tengslum við sitt teymi s.s. læsisvika, sköpunar- og vinavika
Sérkennslu teymi	Skipuleggja sérkennslu enn betur.	Sjáum fram á aukna sérkennslu sem kallar á fleiri stöðugildi í sérkennslu	Sérkennslustjóri og sérkennari. Höfum ráðið inn nýjan starfsmann í sérkennslu fyrir haustið til að efla þetta teymi enn frekar.	Haust 2022		Við endurmetum í lok skólaárs hvernig teymið hefur starfað og hvað þarf að bæta	Efla enn frekar snemmtæka íhlutun fyrir nemendur. Að vinna að markvissari kennslu tvítyngdra og barna með þroska frávík.
Sjálfbærni /Grænu skrefin	Byrja að fóta okkur í grænum skrefum	Tökum fyrstu grænu skrefin í haust. Kortleggja leikskólann og förum yfir stöðuna	Verkefnastjóri í Sjálfbærni, stjórnendur	Haust 2022	Vor 2024	Förum í gegnum grænu skref Reykjavíkurborgar	Við stefnum á að hafa sjálfbærara samfélag, huga betur að umhverfismennt með nemendum
Við stefnum á að kaupa gróðurhús til að sinna sjálfbærni og kennslu fyrir nemendur í tengslum við ræktun ýmissa tegunda – en við höfum nú þegar áhugasamt starfsfólk sem er að rækta tré og ávexti / grænmeti með nemendum							



Uppeldis- og menntastarf							
Læsisstefna	Efla læsi í leikskólanum	Setjum verkefnastjóra í læsi sem mun sjá um læsisteymi leikskólans	Verkefnastjóri læsis	Haust 2022	Vor 2023	Fara yfir stöðu læsis í leikskólanum og kortleggja hvað er gert á deildum.	Útbúa læsisstefnu sem allir starfsmenn verða kynntir fyrir og vinna að.
Fjölmennning	Setja upp móttöku áætlun fyrir ný börn	Velkomin í hverfið – verkefni þjónustumiðstöðvar – taka betur á móti foreldrum og börnun í sameiningu í hverfinu	Aðstoðarleikskólastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Hafa skýrari verkefni í tengslum við nýja nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál	Aukið samstarf í gegnum Velkomin í hverfið – verkefnið
Skólanámskrá	Að skólanámskrárin verði leiðandi handbók um starf leikskólans	Við tökum inn nýja námskrá, starfsfólk verði þjálfað í að nýta sér hana	Deildarstjórar / leikskólastjóri	Haust 2022		Skólanámskrá verður lifandi plagg sem þarf að endurmeta reglulega – en grunnur skólastarfsins á að byggja á henni.	Allir kunna og vita fyrir hvað leikskólinn Stakkaborg stendur Að námskrá leikskólans sé grunnstoð starfsins
Innra mat							
Starfsmannakönnun	Alltaf gagnlegt að skoða niðurstöður	Viljum fá fleiri sem taka þátt – 68 % þátttaka ekki nógu góð	Allir stjórnendur En könnun unnin af Reykjavíkurborg	Vor 2023	Vor 2023	Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Viljum herra svarhlutfall Viljum fylgjast með þróun á vellíðan starfsmanna í starfi.
Starfsmannasamtöl	3 viðtöl á ári – leikskólastjóri taki 2 en deildarstjórar eitt viðtal við sína starfsmenn.	Hef haft tvö viðtöl – vil geta fjölgað þeim með þeim hætti að deildarstjórar taki samtal við starfsmenn deildarinnar einu sinni yfir árið.	Leikskólastjóri / deildarstjórar v. 1 viðtals	Haust 2022	Vor 2024	Starfsmannaviðtöl eru með skýru sniði – út frá örsamtölum þar sem farið er í gegnum ákveðna þætti – endurmat hjá hverjum og einum, markmiðasetning ofl.	Að starfsmenn upplifi að á þá sé hlustað, hafi tækifæri til að eiga samtal við yfirmenn – skapa þannig samvinnu og sameiginleg markmið og sýn á starfið. Auðveldar þegar þarf að leiðbeina starfsfólki



4 Innra mat deilda

Innra mat Sjónarhóls

Í vetur voru á Sjónarhóli 16 börn, 5 börn fædd 2019 og 11 börn fædd 2020. Á deildinni voru fjögur börn með fleiri en eitt tungumál. Stöðugildin á deildinni voru fjögur, deildarstjóri og þrír hópstjórar. Auk þess kom inn afleysing sem leysti af undirbúningstíma deildarstjóra og deildarstjóri sá um að leysa af undirbúningstíma hópstjóra.

Aðlögun nýrra barna gekk í heildina mjög vel og vorum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgdu barninu fyrstu dagana og tóku virkan þátt í starfinu með okkur. Við leggjum mikla áherslu á góð og jákvæð samskipti við foreldra og er þátttökuaðlögun góð leið til að kynnast foreldrum vel frá byrjun. Okkar starf byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar, skólanámskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskóla. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta.



Frjáls leikur hefur mikið vægi á Sjónarhóli. Í gegnum leikinn læra börnin að taka tillit, samskipti við aðra, að þekkja rétt og rangt og að deila með öðrum ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við leggjum mikla áherslu á að vera með börnunum á gólfinu, þar sem við getum leiðbeint og gripið strax inn í ef á þarf að halda, sem gerist oft þegar yngstu börn leikskólans eiga í hlut. Sérstaklega í byrjun vetrar.

Útivera er stór hluti af starfinu og við leggjum mikla áherslu á að fara út daglega og tvisvar á dag þegar veður leyfir. Þessi vetur var samt frekar erfiður og náðum við ekki því markmiði nema hluta af vetrinum, þar sem mikill snjór var í garðinum okkar sem gerði börnunum erfitt að athafna sig og veðrið misgott til útiveru fyrir yngstu börnin.

Í hópastarfi var ákveðið var að vinna með börnunum í litlum hópum. Barnahópnum var skipt í þrjá hópa sem unnu með mismunandi efnivið undir stjórn hópstjóra. Í hverjum hóp voru fimm börn á dreifðum aldri. Við ákváðum að skipta börnunum ekki eftir aldri í þessum stundum, þar sem mjög krefjandi er að vera með fimm börn rúmlega eins árs í hóp og við töldum betra að vinna með blandaðan aldur. Í hópastarfi unnum við með myndlist, hreyfingu, könnunarleik ofl.

Við kynntum líka fyrir börnunum vináttuverkefni Barnaheilla og bangsann Blæ, en mættum leggja áherslu á að taka það meira markvisst inn á næsta skólaári.



Lubbi finnur málbein var líka hluti af námsefninu okkar í vetur, við hlustuðum á lögin í söngstund, æfðum hljóðin og tengdum bókstafina við nöfn barnanna í hópnum. Þetta gekk mjög vel og börnin

sýndu efninu mikinn áhuga og þá sérstaklega táknunum við stafina. Við munum halda áfram að vinna með þetta námsefni og þróa þá vinnu áfram.

Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálstímum, fataherberginu, á snyrtingu, við aðrar aðstæður og eru börnin dugleg að reyna að hjálpa sér sjálf.

Skráningar hafa gengið vel og hvert barn er komið með ferilmöppu. Hópstjórar eru orðnir öruggir um þær skráningar og verkefni sem eiga að vera í möppunni og við höfum einnig náð að nýta deildarfundi til að samræma okkur þar. Við notuðum sway til að senda skráningar og myndir til foreldra. Foreldrar mjög ánægðir með að fá þessar myndir og skráningar sem veittu aukna innsýn inn í starfið okkar. Við sendum foreldrum einnig afmæliskráningu á afmælum barnanna. Næsta vetur er markmiðið að senda skráningar oftari og með reglulegu millibili.

Foreldraviðtöl voru tekin að hausti og vori og gengu mjög vel. Góð mæting var í viðtölin og foreldrar almennt ánægðir. Að hausti var rætt um aðlögun barnsins á leikskólann og almenna líðan þess í skólanum. Að vori var farið yfir þroska og stöðu barnsins.

Umbótaþættir á Sjónarhóli:

Umbótaþættir á Sjónarhóli voru skráningar á námi verði sýnilegri, heimamenning barna og sköpun.

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni

tarfsmenn eru orðnir mjög öruggir varðandi skráningar og ferlimöppur orðnar hluti af starfinu. Hvað á að vera í möppunum og hver á að sjá um þær er orðið mjög skýrt.

Það sem vel er gert: Starfsfólk þekkir orðið vel sitt hlutverk og hver og einn hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp. Við höfum nýtt deildarfundi til að samræma okkur ef ástæða hefur verið til.

Tækifæri til úrbóta: Hópstjórar hafa að öllu leiti séð um skráningar fyrir sinn hóp í samráði við deildarstjóra. Ferilmöppurnar eru sýnilegar börnunum en ekki staðsettar þannig að þau hafi aðgang að þeim. Athuga með að færa þær þar sem börnin hafa aðgang að þeim, þar sem barnahópurinn næsta vetur verður eldri en verið hefur.

Heimamenning barna

Að samtari heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Það sem vel er gert: Foreldrar fengu heim með sér veggspjald sem þau voru beðin um að setja á myndir af barninu og nánustu fjölskyldu og merkja við myndirnar fjölskyldutengsl við barnið.

Veggspjöldin voru svo hengd upp þar sem þau voru aðgengileg börnunum. Þetta hefur verið mikið skoðað í vetur og hafa börnin haft gaman af að sýna vinunum sínar myndir og einnig að skoða myndir hinna barnanna. Okkur finnst þetta vera mikilvægur partur af starfinu þar sem foreldrar og fjölskyldur barnanna færast ennþá nær starfinu.

Tækifæri til umbóta: Að virkja foreldra enn freka í að útbúa veggspjöld fyrir börnin. Ekki gekk nógu vel að fá myndir frá öllum á veggspjöldin þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til foreldra. Ætlum að leggja aukna áherslu á þetta í haust.

Sköpun

Gengið hefur vel að efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og hvetja börnin til að hafa frumkvæði af að gera sjálf og velja án þess að vera stýrt.

Það sem vel er gert: Börnin höfðu áhrif á ferlið í sköpuninni í samstarfi við starfsmenn. Þau fengu aukin tækifæri að njóta sín og reynt eftir bestu getu í eins rólegu umhverfi og hægt er.

Tækifæri til umbóta: Þetta gekk mjög vel í vetur, allir voru meira meðvitaðir um að einblína á ferlið frekar en afurðina og leyfa hverju og einu barni að njóta sín í að vinna frjálst.



Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sway skráningar	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um sway skráningu á tveggja vikna fresti.	Nýta deildafundi til umræðu og skipulagningar	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Nýta deildafundi, skipulagsdaga og undirbúnings- tíma	Allir hópstjórar sendi heim skráningar
Heimamenning barnanna	Stefna að því að öll börnin eigi fjölskyldu- spjald	Ná til allra foreldra á foreldrafundi í haust	Haust 2022 Des 2022	Deildarstjóri Foreldrar	Kynna verkefnið á foreldrafundi og ræða við hvert og eitt foreldri á fundi	Að öll börnin séu komin með fjölskylduspjald fyrir jól
Vináttuverkefni Barnaheilla	Taka bangsann Blæ markvisst inn í hópastarf	Hafa samverustundir þar sem tekin er fyrir vinátta og kynnt fyrir börnunum tónlistin/lögin úr verkefninu	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Endurmeta á deildafundum og skipulags- dögum	Að börnin öðlist færni í samskiptum og taki tillit til hvors annar



Hópastarf	Fjölga dögum þar sem hópastarf fer fram	Skipuleggja hópastund alla daga vikunnar	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og hópstjórar.	Deildarfundir. Skipulagsdagar.	Að öll börn á deildinni fái tíma með kennara í minni hóp í hópátíma.
-----------	---	--	----------------------------	------------------------------	--------------------------------	--

Innra mat Undralands

Í vetur voru 25 börn á Undralandi, tíu börn fædd 2018 og 15 fædd 2019. Á deildinni voru fjórir hópstjórar og einn deildarstjóri sem er afleysing hópstjóra í undirbúningi þeirra. Við vinnum eftir nýrri skólanámskrá leikskólans, menntastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalnámskrá leikskóla. Við leggjum áherslu læsi, félagsfærni, vellíðan og sköpun. Einkunnarorð leikskólans eru gleði, hreyfing og vinátta. Í starfi okkar á Undralandi vinnum við að læsi og notum námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Við hlustum saman á lögin og lærum að þekkja máhljóðin í hópastarfi og samveru ásamt lestri. Á deildinni eru bækur í hæð barna og þau eru dugleg að nýta sér þær og sækja mörg hver í að skoða bækur saman eða biðja kennara um að lesa fyrir sig. Á næsta ári viljum við vinna áfram með læsi og skoða meðal annars flæðilestur sem var kynntur fyrir okkur í haust. Markmiðið væri að vinna að ákveðnum orðabæmum eftir vikum. Það gæti einnig verið leið til að vinna með markvissari hætti að málörvun með þeim börnum sem þarfnast stuðnings við málkunnáttu á deildinni á næsta ári. Það er þáttur sem mætti bæta á deildinni þ.e. að hafa betri yfirsýn yfir námsmarkmið barna af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku. Gefðu 10 höfum við nýtt okkur með þeim en mættum gera enn betur.

Það gekk vel í vetur að nýta okkur hópátíma til þess að styðja við börn í smærri hópum í leik. Við álitum það mikilvægan þátt í vellíðan barna og félagsfærni að fá tækifæri til frjáls leiks í smærri hópum með stuðning kennara. Í hópastarfi vinnum við með Blæ þar sem við ræðum um tilfinningar og samskipti. Á deildarfundum ræðum við okkar á milli um vellíðan barna og tengsl barna innan hóps og við kennara og hvernig við getum styrkt hvert og eitt til þess að geta leikið og átt í góðum samskiptum sín á milli. Eins nýtum við okkur þá þjónustu sem í boði er eins og t.d. hegðunarráðgjafa eða sálfræðiþjónustu ef við þurfum frekari stuðning. Það hefur reynst okkur vel.

Á Undralandi leggjum við áherslu á að börnin fái hreyfingu og nýtum við útiveru helst til þess. Við nýttum okkur salinn minna í vetur en í fyrravetur til þess og eins var ákveðið að eldri hópurinn færi ekki í íþróttahúsið. Við fengum úthlutað óhentugum tíma þar. Eldri árgangur fór í reglulegar gönguferðir



með hópstjóra. Á deildarfundum höfum við rætt að hópa og rýmis skipting hafi verið óhentug til samvinnu milli hópstjóra og mögulega væri auðveldara að fara oftar í göngutúra ef við skipuleggjum okkur þannig að tveir og tveir hópstjórar vinni meira saman. Það mætti bæta á næsta ári. Eins erum við spenntar fyrir að nýta okkur námsefnið sem við erum að innleiða í starfið sem styður við nám í gegnum leik og hreyfingu.

Við vinnum að skráningum og setjum inn verkefni í ferilmöppur sem hvert barn á og eru þær til fyrirmyndar allar skráningar og verkefni skila sér og hver hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp. Í haust var ákveðið að nýta sway til þess að senda myndir og myndbönd heim. Sú aðferð er einföld og þægileg en gengur hópstjórum misvel að tileinka sér þá tækni. Við stefnum að því setja niður hversu oft og ræða hvað við viljum senda heim og styðja hvort annað í að læra betur á sway. Foreldrar hafa verið mjög ánægð með að fá innsýn inn í starfið og það lofar góðu.

Umbótaþættir á Undralandi.

Umbótaþættir á Undralandi voru skráningar á námi, heimamenningu, fá fram raddir barna sem að ekki hafa gott vald á íslenskri tungu og læsi. Okkur miðar vel áfram með viðmið og aðlögum nýja umbótaþætti að nýjum markmiðum. Fyrir næsta ár viljum við einbeita okkur að sway, heimamenningu, tvítyngi og læsi.

Skráningar á námi

Ferilmöppur eru fastur liður í starfi okkar og það er alveg skýrt hver á að sjá um skráningar og hvaða skráningar eiga að vera í möppum barnanna. Þær eru í þeirra hæð og þau fá tækifæri til þess að skoða þær og ræða sína og milli og við kennara. Dregið hefur úr að við hengjum upp myndir í glugga nema þegar að börnin eiga afmæli. Í staðinn sendum við heim myndasýrpu og texta með sway.

Styrkleikar: Starfsfólk er öruggt með hvað á að vera í möppum og það hefur gegnið eftir að hver hópstjóri sjái um að bera ábyrgð á skráningum fyrir sinn hóp. Hvert barn er nú með sína einstaklingsskráningu.

Tækifæri til umbóta: Í haust var nokkuð skýrt hver tilgangurinn með ferilmöppum er og hvað við viljum að hvers lags skráningar við viljum hafa í þeim. Samhliða var ákveðið að við myndum nýta okkur sway til þess að senda heim myndir og myndbönd til foreldrar. Það er þáttur sem mætti bæta og eins þarf að styðja betur við hópstjóra að læra að nota sway. Eins væri kostur að ræða hvað það er sem við viljum senda heim og hversu oft.

Þessum þætti sem skráningar í ferilmöppu barna er lokið. Sway skráningar mætti bæta og það er þáttur sem við höldum inni.



Heimamenning barna verði sýnilegri á deildum

Þessi þáttur gekk vel hluta til. Flest börnin áttu fjölskylduspjöld fyrir og ný börn komu flest með myndir að heiman. Við settum fjölskylduspjöldin beint í ferilmöppurnar og þau voru og eru dugleg að skoða þau. Bæði fyrir sig og með vinum sínum. Sérstaklega í haust. Gæti verið sniðugt að hengja þau frekar upp í haust líkt og gert er á Sjónarhóli og setja þau síðar í möppuna. Á Undralandi framkvæmdum við ekki stjórnun vikunnar sem var miður.

Styrkleikar: Fjölskylduspjaldið er bæði gaman fyrir börnin sem koma ný inn á Undraland og eins styður við þekkingu okkar á barninu og fjölskyldu þeirra. Stjarna vikunnar gæti stutt við það enn frekar og mikilvægt að nýta það á næsta ári.

Tækifæri til umbóta: Hér höfum við tækifæri til þess að bæta okkur. Við þurfum að nýta stjórnun vikunnar og að ígrunda hvað felst í heimamenningu barna og hvað leiðir við viljum fara til það bæta hana. Setja inn í árshjólið stjórnun vikunnar og vera betur undirbúin að hefja stjórnun vikunnar.

Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu

Þessi þáttur snýr að börnum sem þurfa sérstakan stuðning við að tjá sig og læra íslensku. Við lögðum áherslu á myndrænt skipulag á síðasta ári og segja má að þeim þætti sé náð. Nú viljum við vinna að læsi með sérstaka áherslu að bæta markvissa málörvun með lestri, t.d. að nýta orðaforða þemu með flæðislestri. Við viljum einnig nýta okkur hæfniramma fyrir börn af erlendum uppruna.

Styrkleikar: Við byrjuðum á að nýta okkur töflu upp á vegg með dagskipulagi en miðarnir voru alltaf að hverfa og það voru sem sagt bæði kostir og gallar að hún væri í hæð barna. Þá reyndum við að nýta okkur myndir og ræða þær við börnin. Sérstaklega börnin í aðlögun það reyndist vel. Það jók öryggistilfinningu barnanna að geta séð myndrænt hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Myndrænt kerfi í flæði hentar einnig vel.

Tækifæri til umbóta: Myndrænt skipulag í fataklefanum gekk vel. Gaman væri að hafa fleiri renninga og finna leið þar sem börnin geta nýtt þetta betur sjálf. Í flæði mættu spjöldin vera virkari þar sem börnunum er sýnt val dagsins og skýrar sé hver setur upp valið og hvenær. Nú viljum við læra meira um flæðilestur sem er myndrænt og markviss leið til að styðja við málörvun barna og hefur reynst vel með börnunum af erlendum uppruna sem og hæfniramma sem við viljum nýta með eldri árgangi á deildinni.

Læsi

Læsi er hluti af Menntastefnu Reykjavíkur sem og einn af þáttum Aðalnámskrár. Læsi er eins og þar segir getarn til þess að skapa merkingu og bregðast við því sem nemendur lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem er boðið í hverju sinni (Aðalnámskrá, 2011. bls 12)

Styrkleikar: Stefnan með þessum þætti á Undralandi var að skipta börnum upp í smærri hópa og þau fengu tíma í hópastarf með einum kennara og færri börnum í leik. Við þær aðstæður myndu skapast aðstæður til þess að ræða saman og styrkja samtal og tengsl milli kennara og barna. Þessi tími var einnig nýttur til þess að kynna þeim fyrir Lubba og málhljóðin.

Tækifæri til umbóta: Það hentaði yngri börnunum mjög vel að fá aðstæður og tíma í minna rými með stuðningi kennara. Eldri hópurinn okkar 2018 var með einn kennara í hópastarfi. Því viljum við breyta á næsta ári þ.e. að hafa hópana jafnari. Það sýndi sig að minni hópar henta betur í samveru og samræðum. Hins vegar hentaði það síður í verkefnavinnu og í gönguferðum þar sem er gott að vinna saman.



Umbótaþættir Undraland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sway skráningar	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um sway skráningu á tveggja vikna fresti.	Fræðsla og ígrunda skráningar á deildarfundum. Aðstoð í undirbúning.	Haust 2022 Vor 2023	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Safna gögnum, þ.e. myndum og myndskeiðum og ræða á deildarfundum.	Hver barna- hópur fær sambærilegar sway skráningar á tveggja vikna fresti.
Heimamenning barnanna	Vinna að fjölskyldu- spjaldi og hafa stjörnu- vikunnar.	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra.	Jan 2019 Vor 2023	Deildarstjóri Foreldrar	Deildarstjóra- og deildarfundir. Kynning fyrir foreldra.	Markvisst sé unnið að heimamenningu yfir allt árið á öllum deildum.
Fjöltyngd börn	Málörvun og aukinn orðaforði fjöltyngdra barna.	Flæðilestur Nota orðabókin mín frá Orðaleik. Myndrænt skipulag.	Haust 2019 Vor 2024	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Safna gögnum, fylla hæfniramma og skipuleggja flæðilestur. Kynna á deildarfundum og endurmeta.	Skipulagður flæðilestur með orðabæmum yfir árið. Hvert barn með erlent mál hafi orðabók. Hæfniramma með eldri árgang.



Læsi	Börnin fá jákvæða upplifun af samskiptum við önnur börn og örugg tengsl við kennara. Kynnast tungumálinu.	Minni hópar með kennara í leik í hópastarfi. Lubbi finnur málbeinið. Flæðilestur Gefðu 10.	Haust 2021 Vor 2023	Deildarstjóri og hópstjórar.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Skráningar.	Að öll börn á deildinni fá tíma með kennara í minni hóp í hópatíma. Allir hópar fá samveru með Lubba og flæðilestur.



Innra mat Kattholts

Skólavetur 2021-2022 byrjaði á því að stilla saman þrjá ólíka aldurs hópa 2016/11 börn-2017/12 börn og 2018/ 6 börn. Við byrjuðum á að hver hópstjóri tók sinn hóp og settist niður til að finna hvar áhugi barnanna liggi og á hvað hátt við gætum leyft þeim að blómstra í frjálsa leiknum. Síðan fundum við út á hvaða hátt við gætum skipst á að vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Þannig að hver einstaklingur hefði tækifæri til að blómstra í skólanum. Hópstjórar skiptust oft á að taka ólíka hópa í mismunandi vinnustundir þar sem börnin lærðu ólíka hluti eftir því hver átti í hlut. Þar sem styrkleika hópstjóranna og annarra fengu að njóta sín. Eftir áramót var tekin upp þema um vatnið og unnu allir hóparnir að þeirri vinnu. Þessi vinna endaði svo með að allir skiluðu af sér verkefni sem fór á sýningu í Pelunni í tengslum við Barnamenningarhátíðina. 2017 hópurinn tók þátt í samstarfi með Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem þau fóru í 4 heimsóknir og tóku þátt í verkefnum með kennurum skólans. Þetta fannst þeim mjög skemmtilegt því til þess að komast þangað fengu þau tækifæri á strætóferð. Þessi vinna fór aðeins inn í skólann en hún er komin í reynslubanka skólans og verður hluti af vinnu barnanna næsta vetur.



Elstu börnin heldu áfram að vinna með sína þætti eftir áhuga og virkni. Þeirra vinna byggist mikið til á að fara út fyrir skólann, taka strætó og sækja þau tilboð sem eru í boði fyrir þau. Mikið þurfti að grípa gæsina og ná að heimsækja söfn og viðburði á meðan ekki væri lokað fyrir vegna samkomutakmarkanna. Það tókst bara mjög vel og tók okkur að heimsækja flest söfn og leikhús. Einnig fengu hinir hóparnir tækifæri á að skreppa með strætó líka. Í mars bættist svo barn við elsta hópinn og urðu þau 12 í heildina síðasta hluta skólaársins.



Hópurinn vann að útskriftarstuttmynd sinni og var hún frumsýnd nú í júní við mikinn fögnuð barnanna og foreldra þeirra. Börnin búa til handrit og söguþráð með aðstoð aðstoðarleikskólastjórans og hópstjórans.

Hinn árlegi viðburður að vinna með Tónskóla Sigursveins og ákveðnu tónskáldi ásamt öðrum leikskólum fór á fullt, þar sem við fórum í heimsókn í tónskólann og sungið í Hörpu sem var full að áhorfendum foreldrum, ömmum, öfum og krökkum úr leikskólunum.



Því miður tókst ekki að halda úti Skilaboðaskjóðunni sem er samtarf okkar, Nóaborgar, Klambra og Háteigsskóla en vonandi getum við tekið það upp í haust. Við heimsóttum Háteigsskóla og frístundina einu sinni í maí og kom 1. bekkur einu sinni í heimsókn til okkar.

Foreldraviðtölin fóru fram á staðnum og gaman var að geta aftur sest niður með foreldrum og myndað betri tengsl við þá og ekkert foreldri vildi viðtal í gegnum fjarfundarbúnað þó það væri einnig valkostur fyrir foreldra.

Einkunnarorð okkar eru gleði, hreyfing og vinátta. Því snýst umbótaráætlunin að þessum orðum



Umbótaþættir á Kattholti.

Stærðfræði og þrautir

Börn fást ómeðvitað við stærðfræði frá unga aldri og þau þróa með sér grunnhugtök stærðfræðinnar og skilji á hugtakinu mjög snemma. Þau nota allskonar þrautir sér til aðstoðar þangað til þau ná talnaskilningi.

Það sem vel er gert: Öll börn læra að telja og gera sér grein fyrir fjöldanum. En hugtakið stærðfræði liggur miklumeiri í margskonar hlutum og þurfa börnin að læra stærðfræði lestur

Tækifæri til umbóta: Að gera hópstjóra meira meðvitaða um hversu mikilvægt það er fyrir barnið að ná góðum tókum á hugtakinu stærðfræði. Hvernig hægt sé að kenna barninu að nýta sér þau hjálpartæki sem til eru sér til framdráttar. Hvernig hægt sé að nýta umhverfið í kringum barnið fyrir þennan þátt. Á hvaða hátt hægt sé að virkja foreldranna þegar kemur að þessum þætti. Þannig að allir séu meðvitaðir um mikilvægi þessa hugtak stærðfræði.

Heimamening barnanna

Samstarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra, því er mikilvægt að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Var á áætlun eftir ármót 2022 en ekki tókst að vinna þetta vegna kórónuveirunnar.

Tækifæri til umbóta: Það var á dagskrá að byrja með „stjörnu vikunnar“ eftir áramót. Áætlunin var að tengja heimili og skóla enn betur með því að foreldrar gerðu heimavinnu með börnunum þar sem þau taka myndir heima af því sem þeim langaði til. Svo í hópstarfi átti „stjarna vikunnar“ að vera með myndasýningu fyrir börnin sem varpað yrði af skjávarpa á tjald þar sem þau væru að segja og sýna hinum frá myndunum með aðstoð starfsmanns sér við hlið. Þarna væru þau að feta sín fyrstu fótspor í að standa fyrir framan aðra og segja frá sem styrkir sjálfsöryggið og félagsfærnina. Einnig áttu þau að koma með bækur að heiman sem lesa átti í sögustundum. Vegna Covid-19, þurfti að fresta þessu, en við viljum stefna að því að gera þetta næsta skólaár.



Núvitund og hugarfrelsi

Núvitund er leið til að efla vellíðan barna með því að beina athygli að líðandi stund og að barnið finni betur fyrir sjálfum sér, hugsunum sínum og líðan sinni. Þjálfun fer fram með einföldum æfingum sem



snúa að markvissri þjálfun athyglinnar. Þannig að barnið læri að skynja milliliðalaust og án þess að dæma. Æfing sig í því að vera til staðar hér og nú.

Það sem vel er gert: Börn fara í hvíld og taka rólegar stundir alla daga vikunnar. Þar sem þau geta slappa af og hvílt hugann.

Tækifæri til umbóta: Efla hópstjóra í að nýta sér meðal annars Hugarfrelsi og yoga til að efla börnin í að ná tökum á eigin ró. Hvernig kennum við börnunum að taka sér pásur og hvíla hugann þegar kemur að rólegum stundum í leikskólanum. Á hvaða hátt get ég notað umhverfið til að gleyma stað og stund.

Vínátta/Blær/Útinám

Það að börnin nái aftur þeirri færni að gera sér grein fyrir hversu mikilvæg vínátta er. Það að eiga góða vinni og vera sterkur félagslega skiptir einnig miklu máli þegar kemur að skólagöngu barnanna. Í leiðinni að nota útinám sem tenginu einni milli barnanna.

Það sem vel er gert: Öll börnin eiga Blæ bangsa sem þau hafa góðan aðgang að til að nota þegar þau hafa þörf fyrir.

Tækifæri til umbóta: Að efla hópstjórnanna til að vinna betur með tilganginn með Blæ bangsa og hversu miklu máli hann skiptir þegar kemur að hugtakinu vínátta. Það að börnin fái tækifæri til að skilja hversu mikilvægt það er að koma vel fram við hvort annað og þá einstaklinga sem í kringum þau eru. Að þau læri að hver einstaklingur á að fá tækifæri til að vera hann sjálfur.



Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stærðfræði og þrautir	Að gera börn og hópstjóra meðvitaða um þetta hugtak og hvernig börn upplifa það	Haut 2022 Vor 2023	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdag undirbúningtímum starfsmanna	Að börnin fái tækifæri á að upplifa hugtakið stærðfræði og að leika sér með það
Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Haut 2022 Vor 2023	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundur, skipulagsdag viðtölum við foreldra	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á deildinni
Núvitund og Hugarfrelsi	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haut 2022 vor 2023	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdag undirbúningtímum starfsmanna	Að börnin nái að tileinka sér þau verkfæri sem fellast í hugtökunum núvitund og hugarfrelsi
Vinátta/Blær	Að efla þennan þátt betur innan veggja deildarinnar	Haut 2022 – vor 2023	Deildarstjórar Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdagar, undirbúningur starfsmanna	Að börnin tileinki sér betur hugtakið vinátta innan hópsins



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var skipulögð á þann hátt að sérkennslustjóri hélt utan um það starf og skipulag sem sneri að sérkennslunni. Það var myndað teymi utan um þau börn sem voru með stuðning í leikskólanum sem hittist reglulega, teymin innihéldu sérkennslustjóra, deildarstjóra, stuðninginn, ráðgjafa af þjónustumiðstöð og foreldra barnsins. Það var einnig mikil samvinna meðal starfsfólksins sem voru mest með barninu inn á deild. Það var reynt að koma til móts við þau börn sem voru með stuðning sem og þau börn sem voru ekki með stuðning en þurftu á auknum stuðningi að halda í leikskólanum með því að nota viðeigandi íhlutanir með þeim og annað sem þau þurftu á að halda í leikskólastarfinu og þannig var stuðlað að menntun án aðgreiningar. Skráningar voru með fjölbreyttum hætti eftir því hvað hvert barn þurfti á að halda hverju sinni. Það var mest notast við skráningarblöðin sem við fengum frá námskeiðinu Skráning og þjálfun í einstaklingsþjálfun. En það var einnig notast við Einstaklingsnámskrár þar sem var verið að vinna að ákveðnum markmiðum með þeim börnum sem þurftu á meiri stuðning að halda, það var notast við gráa listann úr bókinni Behavioral Intervention for Children with Autism, AHA skráningar og fleira.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Þau matsgögn sem voru notuð voru TRAS og EFI-2 fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi málþroska. Svo var einnig notað TRAS



	og AEPS fyrir þau börn sem við höfðum áhyggjur af varðandi almennan þroska og fyrir þau börn sem þurftu á meiri stuðning að halda. AEPS var notað til þess að búa til Einstaklingsnámskrár þar sem var verið að vinna að ákveðnum markmiðum með markvissum hætti. En svo var notast við HLIÓM-2 fyrir öll elstu börnin.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Það eru til ýmisleg námsgögn sem við notuðum eins og Lubbi finnur málbein, Vináttuverkefni Barnaheilla, Lærum og leikum með hljóðin appið, Sól bækurnar, svo kaupum við stundum verkefnahefti frá Fjölbreytt kennsla eða prentum út verkefni sem til eru á síðunni sem eru við hæfi fyrir leikskólabörnin og fleira. Flest allt starfsfólkið er nýlega búið að fara á námskeiðið Leikur að læra og við erum búin að kaupa námsgögnin í tengslum við það. Það var einnig nýlega keypt bókin Snemmtæk íhlutun í hnotskurn, við eigum eftir að kynna okkur hana betur og við stefnum á að nota hana við skipulag málörvunarstunda eftir sumarfrí.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sérkennsluteymi							
Aukið við starfsfólk í sérkennslu til að leggja grunn að sérkennsluteymi innan leikskólans.	Bæta sérkennslu innan leikskólans. Með því að fjölga starfsfólki í sérkennslu opnast tækifæri til að vinna teymisvinnu í sérkennslu.	Efla sérkennslu enn frekar. Efla málörvuna- hópa. Vinna að læsisáætlun leikskólans. Gera öflugt teymi sem heldur utan um sérkennslubörn leikskólans.	Sérkennslustjóri mun sjá um að koma verkefnastjóra inn í sérkennslu- starfið og þeir vinna í sameiningu að skipulagi og starfi í tengslum við sérkennsluna	Haut 2022	Vor 2023	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri í samráði við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra munu meta það í júní 2023 hvort að sérkennslustarfið hafi verið vel skipulagt, hvað hefði mátt betur fara o.s.frv.	Að sérkennslustarfið í leikskólanum muni ná að blómstra og dafna vel. Að unnið sé að íhlutun með þroska og vellíðan barnanna í huga.
Ráðin hefur verið annar leikskólakennari (verkefnastjóri) í sérkennslu frá og með næsta hausti til að vinna með sérkennslustjóra. Sá verkefnastjóri mun haldi utan um Læsisáætlun leikskólans og um læsisteymi leikskólans. Viðkomandi mun taki að sér hópabjálfun með litlum barnahópum þar sem er verið að vinna með félagsfærni, markvissa málörvun og fleira. Sérkennslustjóri mun koma verkefnastjóra inn í starfið. Verkefnastjóri mun halda utan um Læsisáætlunina og að henni sé framfylgt á deildunum með því að hafa reglulega fundi með læsisteyminu og stuðla að læsi í leikskólastarfinu. Einnig að það verði góð samvinna milli sérkennslustjóra og verkefnastjóra þar sem þeir gera í sameiningu skipulag yfir hópátíma sem verkefnisstjóri mun sjá um ásamt því að sinna öðrum verkefnum í tengslum við sérkennsluna.							



Foreldrasamskipti							
Að senda hálfsmánað arlega póst til þeirra foreldra barna sem fá sérkennslu í leikskólanu m.	Að gera foreldra vel upplýsta um þá þjálfun sem á sér stað í leikskólanum.	Kynna sér forritið Sway til þess að senda bæði myndir/myn dbönd og texta	Sérkennslu stjórnari	Hau st 202 2	Vor 20 23	Sérkennslustjóri og verkefnastjóri í samráði við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra munu endurmeta í lok skólarárs.	Að þetta sé orðið hluti af verkefnum sérkennslustjóra á hálfsmánaða fresti.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Sérkennslustjóri heldur utan um fjöltyngd börn á þann hátt að þau fá markvissar málörvunarstundir í hópum eða í einstaklingsþjálfun. Það var ráðinn inn verkefnastjóri núna nýlega sem mun einnig sjá um málörvunarstundir ásamt öðrum verkefnum en hún hefur störf í ágúst 2022. Það eru einnig keypt námsgögn eða þau prentuð út sem eru notuð í málörvunarstundir með þessum börnum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já á öllum deildum er verið að notast við Gefðu 10 þar sem er verið að vinna með eitt barn í einu í tvær vikur í senn. Sérkennslustjóri í samráði við deildarstjóra sér um að gera skipulag þannig að öll fjöltyngdu börnin ásamt öðrum íslenskum börnum sem þurfa á því að halda fá Gefðu 10 allavega einu sinni yfir

	skólaárið. Svo hefur verið ákveðin þemavinna inn á deildunum í ákveðinn tíma í senn þar sem er verið að vinna dýpra með ákveðið þema og orðaforða í tengslum við það.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það eru samverustundir á hverjum degi í um hálf tíma á öllum deildunum þar sem hópstjórinn er með barnahópin sinn og er að vinna að ýmsu í tengslum við dýpkun orðaforða eins og lestur, hlustun, söngur, leikir og fleira þar sem börnin eru virkir þátttakendur. Í samverunni er horft til áhuga barnanna og styrkleika þeirra hverju sinni eða starfið í tengslum við samveruna er skipulagt eftir hverjum barnahópi. Elsti hópurinn (skólahópur) fer einnig í stundir þar sem er verið að vinna með ýmisleg verkefni sem undirbúning fyrir skólann.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þau börn sem eru fjöltyngd og við höfum áhyggjur af þar sem þau virðast ekki vera að ná góðum tókum á íslenskunni, þau eru málproskaskimuð með EFI-2 og það er einnig gert TRAS til þess að sjá hvort þurfi að senda tilvísun til talmeinafræðings af Borgarmiðstöð Vestur og einnig til þess að fylgjast með framförum þeirra. Þessi börn fá aukinn stuðning í leikskólanum þar sem sérkennslustjóri tekur þau í málörvunarstundir í hópum eða einstaklingsþjálfun þar sem er verið að vinna með ákveðna þætti. Það er einnig haldið vel utan um þessi börn af hópstjórunum inn á deildunum. Einnig höfum við notast við heftið frá Orðaleik sem er með grunnorðaforða þar sem hvert barn fær sitt hefti. En sum fjöltyngd börn ná góðum tókum á íslenskunni án þess að



	fá auka íhlutanir fyrir utan daglegt starf í leikskólanum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það mætti vinna betur markvisst að öllum þessum þáttum. En í leikskólanum er mikil áhersla lögð á frjálsan leik, börnin læra mikið í gegnum leikinn og það er alltaf starfsmaður til staðar til þess að aðstoða börnin ef þau þurfa á því að halda til að leysa ágreining, hjálpa barni að komast inn í leik eða annað. Einnig er lögð mikil áhersla á útiveru og hreyfingu. Í samverustundum er stuðlað að virkri þátttöku barna í því sem er verið að vinna að með börnunum hverju sinni. Í leikskólanum er einnig stuðlað að fjölbreyttu starfi og starfið skipulagt eftir hverjum barnahópi. En það ríkir einnig gott samstarf og við erum fljót að sjá hvaða börn þurfa á auknum stuðningi að halda og þá eru þau gripin fljótt og fá meiri og viðeigandi þjálfun. Það er reynt að grípa þessi börn fljótt og stuðla að snemmtækri íhlutun og finna lausnir sem munu hjálpa barninu að vegna vel.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæðislestur fyrir yngri börnin.	Þegar nýtt skólaár hefst er gott að nýta tækifærið til þess að innleiða ný hjálpargögn	Koma inn Flæðislestri á tvær yngstu deildirnar.	Sérkennslustjóri / Deildarstjórar yngri deilda	Haust 2022	Vor 2023	Deildarstjórar og sérkennslustjóri í samráði við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra endurmeta það í sameiningu í júní 2023	Þetta sé komið inn í skipulag deildanna þar sem það er verið að vinna með ákveðna bók í hverri viku.
Í Flæðilestri er unnið með eina bók á viku þar sem starfsmaður situr með börnunum á gólfinu og les ákveðna bók fyrir þau oft yfir vikuna og svo les hann einnig bókina fyrir hvert barn. Hann ræðir við börnin um innihald bókarinnar og hefur jafnvel myndir úr bókinni sýnilegar börnunum og vinnur verkefni með börnunum út frá bókinni. Deildarstjórar og sérkennslustjóri fara í heimsókn í leikskóla sem notar Flæðislestur til þess að kynna sér betur starfsemina í kringum það.							
Nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla sem Menntamálas tofnun gaf út.	Hæfnirammarnir séu til að kortleggja hvar börnin eru stödd í íslensku miðað við lengd í íslensku málumhverfi.	Að Hæfnirammarnir séu metnir fyrir hvert fjöltýngt barn að hausti og vori fædd 2019 og niður úr.	Sérkennslustjóri / Deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Deildarstjórar og sérkennslustjóri meta það í sameiningu í júní 2023 hvort að þetta sé orðið hluti af starfinu með fjöltýngdum börnum	Meta hvert fjöltýngt barn að hausti og vori sé komið á hjá deildarstjór um og sérkennslustjóra.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram tvisvar sinnum yfir veturinn, í nóvember og í lok apríl – byrjun maí í ár. Við stefnum á að auka samtal deildastjóra við sitt starfsfólk en komum því ekki í gagnið í ár. Stefnum því á að halda starfsamtöl þar sem deildarstjórar ræða við starfsmenn á sinni deild næsta vetur og bæta þannig starfsþróun starfsmanna enn frekar. Með því erum við að efla fagstarf deildarstjóranna sem stjórnendur yfir sinni deild. Þá teljum við þetta mikilvægan þátt í því að efla samvinnu og samstarfs innan deilda, gefur deildarstjórum tækifæri til að efla starfsfólk deildarinnar á jákvæðan hátt.

Fræðsla í vetur hefur tengst mikið vellíðan starfsmanna og læsi. Við fengum til okkar Leikur að læra og fórum svo í ferð með þeim til Alicante þar sem það námsefni var dýpkað enn frekar.

Í þeirri ferð fórum við einnig inn í núvitund en við ætluðum að vinna meira með það en þar sem margir skipulagsdagar fóru öðruvísi en áætlað var þá datt sú fræðsla niður.

Við stefnum á að nýta þróunarstyrkinn næsta vetur að hluta til í læsið og gerð læsisáætlunar leikskólans og hluta í sjálfbærni. Við stefnum á að fá inn verkefnastjóra sem haldi utan um það verkefni. Við munum vinna meira með hreyfingu og læsi á fjölbreyttan hátt. Við höfum nú þegar sett niður dag þar sem við stefnum á sameiginlegan starfsdag með Klömbrum þar sem við viljum vinna að gerð námsspila og verkefna í læsi.

Við viljum vinna að því að taka inn flæðilestur á allar deildir til að vinna enn betur að læsi og málörvun. Við stefnum á að nýta veturinn vel til að skerpa á ákveðnum þáttum s.s. hópastarfi og starfi í minni hópum, þjálfa nýtt fólk enn betur í flæðisvinnunni og ná að dýpka okkur í því sem við erum að gera.

Ýmis vinna mun fara fram næsta vetur s.s. ýmsir ferlar sem þarf að ljúka:

- Móttökuáætlun nýrra starfsmanna er í vinnslu og ætlunin að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.
- Skólanámskrá – er tilbúin en munum kynna hana formlega í haust.
- Læsisstefna – vinna að gerð stefnu leikskólans.
- Ferlar vegna teymisvinnu - en stefnt er á að hafa teymi um Sköpun, Félagsfærni, Læsi og Flæði.
- Græn skref. Leikskólinn þarf að koma sér áfram í grænum skrefum og stefnum við á að setja verkefnastjóra til að leiða það verkefni.

Markmið næsta vetrar:

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl.
 - ✓ Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á. Hvað starfsmaður vill leggja áherslu á í starfinu. Það sem starfsmaður vill sjálfur ræða um



hverju sinni. Einnig stefnt að því að deildarstjórar taki viðtal við sína starfsmenn einu sinni yfir veturinn.

- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta síðasta vetur. Við þurfum að efla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka. Einn starfsmaður er búinn að ljúka leiðsagnarkennaranámi og mun halda utan um það ásamt stjórnendum leikskólans.
- Áfram unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla. Taka það betur inn á yngstu deild.
- Fræðslutilboð frá endurmenntun HÍ og frá SFS verða skoðuð og nýtt eftir þörfum.
- Erasmus styrkur – fengum styrk til að senda 6 starfsmenn á námskeið (2 á hvert námskeið) um sköpun og útikennslu á Ítalíu og Hollandi. En við munum skipuleggja þær ferðir á haustmánuðum.
- Starfsfólk sækir námskeið Menntafléttu
- Klára móttökuáætlun fyrir nýja nemendur

7 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er góð en foreldrafélag sér um marga viðburði þegar eðlilegt skólalagd er en sökum heimsfaraldurs dattu flest allir viðburðir niður þetta skólaári. Bæði feðra- og mæðrakaffi þennan veturinn féll niður vegna ástandsins. En nú undir lok skólaársins hefur lífið orðið eðlilegra og það var ánægjulegt að fara í sveitaferð á þremur rútum og með nánast alla foreldra með. Við vonumst til að halda því áfram næsta ár enda gefur þetta foreldrum möguleika á að eiga samskipti við okkur og sín á milli á öðrum forsendum en venjulega í skólastarfinu. Foreldraviðtölin fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þarf þess fyrir utan. Almennt hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við þurfum að vera í miklum tölvupóstsendingum þetta árið vegna sóttvarnareglna sem tóku ýmsum breytingum yfir veturinn og virðast foreldrar sáttir við þá upplýsingagjöf.

Við höfum haft opna viku en þá geta foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í sögustund, söngstund eða verið með í frjálsum leik. Opna vikan er venjulega í desember en féll að sjálfsgöðu niður þetta árið. Mjög misjafnt hefur verið á milli ára hvað foreldrar taka mikinn þátt en alltaf gaman og gott að fá foreldra inn í leikskólann og allir sammála um að það hefur vantað mikið í vetur að hafa foreldrana ekkert inni í leikskólanum og hlökkum við til næsta vetrar og meiri samskipta við þá.

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrar bjóða sig fram til starfa í þessum nefndum og hefur gengið vel að manna þessar stöður. Í foreldraráði er eitt foreldri frá hverri deild,



leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Ráðið fær áætlanir til umsagna. Foreldraráð var beðið um leyfi til að færa einn starfsdag fram á næsta skólaárs vegna ferðar leikskólans til Alicante og samþykktu þau það.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á næsta ári verða 6 starfsdagar.

Skipulagsdagar verða sem hér segir:

- 2. sept 2022
- 5. okt 2022 – sameiginlegur með Klömbrum
- 9.nóv 2022
- 9. jan 2023
- 6. feb 2023
- 12. maí 2023

Starfsmannafundir verða 4 yfir veturinn en þeir fara fram eftir að leikskóla lokar á daginn.

F. h. leikskólans Stakkaborg

<u>Jónína Einarisdóttir</u>	<u>29.06.2022</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning



9 Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022 Stakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björk Arnardóttir
Freydís Guðný Hjálmarsdóttir
Ingibjörg Hanna Björnsdóttir
Rakel Ýr Waage
Steinunn Sigurgeirsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs 2022:

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2022-2023. Skólastarfið hefur stjórnað mikið af kórónuveirufaraldrinum og sóttavarnarreglum hverju sinni en stjórnendur og starfsfólk Stakkaborgar hafa staðið sig með sóma við að halda faglegu starfi gangandi og tryggja upplýsingaflæði sem og samskiptum við foreldra með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Sóttvarnir voru tryggðar eins og mögulegt var sem þýddi engan samgang milli deilda og rými starfsfólks hólfuð niður en svo slakað á takmörkunum þegar tækifæri gáfust. Náðist að manna í stöður og var lukka að aðeins þurfti að skerða skólastarf í eina viku þar sem allir nemendur misstu af einungis hálfum eða einum degi þá viku. Að mati foreldraráðs var sérstaklega vel að því staðið að tryggja upplýsingaflæði á þessum erfiðu tímum enda heilsa barnanna og okkar fullorðna fólksins í fókuspunkti.

Stefna leikskólans *flæði* var virkjað á ný þegar faraldurinn lægði í vor við mikinn fögnuð barnanna og starfsfólk komst loks í námsferð erlendis sem hafði fengið að bíða í tvö ár. Þar var framhaldsnámskeið í kennsluaðferðinni Leikur að læra og núvitundarnámskeið. Telur foreldraráð það gott að starfsfólk fái tækifæri til meira náms og aukinnar þekkingar og geti það aukið áhuga þeirra og annarra á leikskólakennaranáminu og haft jákvæð áhrif á faglegt skólastarf sem börnin hafa sannarlega hag af á þessum mikilvægu uppvaxtarárum. Foreldraráð tekur undir með leikskóla varðandi jákvæðan starfsanda og mikilvægi þess að bæta hann enn fremur. Styttning vinnuvikunnar virðist ganga mjög vel og koma fram í ánægju starfsfólks sem má svo segja að endurspeglar líðan barnanna.

Í þessu samhengi má því einnig vekja athygli á hvatningarverðlaunum sem skóla- og frístundaráð Reykjavíkur veitti leikskólanum fyrir *Teymi sérkennslu* og telur foreldraráð það afar jákvætt og faglegt að verið sé að bæta starfsmanni þar við til að sinna enn meira starfi og mikilvægri snemmtækri íhlutun sem óskandi er að stuðli að farsæld þeirra leikskólabarna sem eru í þörf fyrir slíkan stuðning.

Þá fagnar foreldraráð því að stefnt sé að bæta læsi og málörvun m.a. með Lubba, myndrænt skipulag sé nýtt og lagt meira upp úr heimamenningu barnanna. Þá ekki síður að börnin séu hvött til sjálfshjálpar og aukins tilfinningalæsis sem og samskiptafærni í daglegu starfi með verkefninu Blæ, útiveru og hópastarfi sem endurspeglar einkunnarorð leikskólans; gleði, hreyfing og vinátta. Vonir standa til að samstarf við Háteigsskóla og leikskólana í okkar nærumhverfi byrji aftur nú þegar covid faraldurinn er á undanhaldi og elsti barnahópurinn fái að kynnast jafnöldrum sínum og grunnskólanum í hverfinu.



Í umbótaáætlun er jafnframt afar spennandi að lesa um Grænu skrefin og áform um kaup á gróðurhúsi. Áhugi kennara á sjálfbærni og hvers kyns ræktun er eftirtektarverður og ber að hrósa fyrir það.

Í ljósi alls þessa mikilvæga starfs sem fram hefur farið og stefnt er á að betrumbæta með hverju árinu þykir foreldraráði það áhyggjuefni að fjöldi barna á leikskólanum hafi farið yfir það hámark sem viðunandi er í núverandi húsnæði líkt og kemur fram í greinargerð leikskólastjóra. Er því við hæfi að velta fyrir sér hvaða afleiðingar slíkt getur haft eða hefur í för með sér m.a. hvað varðar öryggi, gæði starfs og álag á starfsfólkið en fyrst og fremst á börnin sjálf.

Nú þegar vel heppnuð sveitaferð og fjölskyldugleði er afstaðin horfir foreldraráð til bjartari tíma og hefðbundnara skólahalds með auknum tækifærum til að taka þátt í leikskólastarfinu. Eins til enn betri upplýsinga um daglegt starf barnanna t.d. í formi fréttabréfa, frekari Sway notkunar og tilhlökkunar vegna foreldraviðtalanna og framfara barna okkar sem njóta handleiðslu starfsfólks sem sjá má svart á hvítu í ferilmöppum þeirra. Foreldraráð lítur með jákvæðum augum á starfsáætlun Stakkaborgar 2022-2023 og bjartrar framtíðar barna okkar og tækifæra þeirra til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.



9.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2022 - 2023										Nafn skóla: Stakkaborg	
ÁR	ÁR	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍJ	JÚNÍ	ÁR	ÁR
1. Míj	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P	1. P
2. D	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P	2. P
3. M	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L	3. L
4. Þ	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D	4. D
5. Þ	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M	5. M
6. L	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D	6. D
7. M	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ	7. Þ
8. M	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F	8. F
9. Þ	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F	9. F
10. M	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L	10. L
11. Þ	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M
12. Þ	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M	12. M
13. L	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ	13. Þ
14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M
15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. Þ
16. Þ	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F	16. F
17. M	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L	17. L
18. Þ	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M
19. M	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ	19. Þ
20. L	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ
21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M
22. M	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P	22. P
23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ
24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L	24. L
25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ
26. Þ	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M
27. L	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ
28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M	28. M
29. M	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F	29. F
30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ
31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M

9.3 Fylgiskjal 3 – Árshjól

Ágúst - Nóvember

Vika	Viðburðir	Deildar fundur	Annað
4. ágúst	Leikskólinn opnar		
8.- 12. ágúst	Aðlögun milli deilda hefst	Katth. /Sjón	
15. - 19. ágúst	Elstu börn hætta 19. ágúst Starfsm.fundur 17.ág. 16:30-18:30	Undra	
22. - 26. ág	Aðlögun nýrra barna hefst	Enginn fundur	
29.ág - 2. sep	Aðlögun 2 á Sjónarhóli 2. sept Skipulagsdagur	Katth Sjón	
5. - 9. sept	8. dagur læsis Aðlögun 3 hefst	Undra	
12. - 16. sept	16. Dagur íslenskrar náttúru	Katth Sjón	
19. - 23. sept	22. Leikskólaráðstefna 23. Dótadagur	Undra	
26. sept - 30. sept	26. Evrópski tungumáladagurinn	Katth Sjón	
3. - 7. okt	5. okt Skipulagsdagur	Undra	
10. - 14. okt	Foreldraviðtöl Undraland	Katth Sjón	
17. - 21. okt	Foreldraviðtöl Sjónarhóll	Undra	
24. - 28. okt	27. Bangsadagur	Katth Sjón	Undirbúa vinaviku
31.okt - 4. nóv		Undra	
7. - 11. nóv	Vínavika 9. nóv Skipulagsdagur 8. Baráttudagur gegn einelti Foreldraviðtöl Kattholt	Katth Sjón	
14. - 18. nóv	16. Dagur íslenskrar tungu 20. Dagur mannréttinda barna	Undra	
21. - 25. nóv		Katth/Sjónó	

Desember - Mars

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
28.nóv. - 2. de	Piparkökubakstur Starfsm.fundur2.des.16:30-18:30	Undra	
5.- 9. des	Opin vika - Kynna vel Piparkökumálun / föndra skó	Katth Sjón	
12. - 16. des	Kaffi Flóra - Gönguferð	Engir fundir	
19. - 23. des	Róleg heit í leikskólanum	Engir fundir	
27. - 30. des	31. gamlársdagur 1. janúar	Engir fundir	
2.- 6. jan	Vasaljósavika 6. Prettándinn /náttfatadagur	Undra	



9. - 13. jan	9. jan Skipulagsdagur Undirbúningur öskudags búninga	Katth Sjón	
16.- 20. jan	20. Bóndadagur - Herrakaffi /Þorablót	Undra	
23. - 27. jan		Katth Sjón	
30.jan - 3. fe	6. Dagur leikskólans	Undra	Undirbúa myndband vegna hans
6. - 11. feb	6. Skipulagsdagur /Dagur leikskólans 11. dagur íslenska táknmálsins	Katth Sjón	
13. - 17.feb	17. Dömkaffi	Engir fundir	
20. - 24. feb	20. Bolludagur 21. Sprengidagur 22. Öskudagur	Deildarf. á skipul.degi	
27.feb.- 3. ma		Undra	
6. - 10. mars		Katth Sjón	
13. - 17. mars	13. Starfsm.fundur 16:30-18:30 14. Dagur stærðfræðinnar Stærðfræðivika 15. Innritun?? Foreldraviðtöl Undraland	Undra	
20. - 24. mars	Foreldraviðtöl Sjóðarhóll	Katth Sjón	

Apríl - Júlí

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
27. - 31.mars	Foreldraviðtöl Kattholt	Engir fundir	
3.-5.apr	Dymbilvika - páskafrí hefst 6.skírdagur /7.föstud. langi	Undra	
11. - 14. apríl	10. annar í páskum	Katth Sjón	
17. - 21. apríl	20. Sumardagurinn fyrsti	Engir fundir	
24. - 28.apríl	25. umhverfisdagur 26. Starfsm.fundur 16:30-18:30	Engir fundir	
2. - 5. maí	1.maí - lokað	Undra	
8. - 12. maí	12. Skipulagsdagur	Katth Sjón	
15. - 19. maí	18. Uppstigningardagur	Undra	
22. - 26. maí		Katth Sjón	
29. maí - 2. júní	29. Annar í hvítasunnu	Undra	
5. - 9. júní		Katth Sjón	
12. - 16. júní	17.Lýðveldisdagurinn	Undra	
19. - 23. júní		Engir fundir	
26. -30.júní		Engir fundir	1. Skil á starfsáætlun fyrir skólaári 2023-2023
3. - 7.júlí	Sumarleyfi óákveðið senda könnun á foreldra í haust.	Engir fundir	



